

Viðbragðsáætlun vegna eldgosa á Reykjanesi



Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan
Grindavíkur
Almannavarnanefnd Grindavíkur

Viðbragðsáætlun vegna eldgosa á Reykjanesi

Unnin af:

**Lögreglustjóranum á Suðurnesjum
Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan
Grindavíkur
Almannavarnanefnd Grindavíkur**

**Athugasemdir við áætlun skal senda á
netfangið
almannavarnirsudurnes@logreglan.is**

EFNISYFIRLIT - KAFLASKIPTI

Skammstafanir.....	4
1.0 Inngangur	5
2.0 Staðhættir.....	6
2.1 Almennt.....	6
2.2 Innviðir.....	6
3.0 Boðun og virkjun.....	7
3.1 Boðun og virkjun.....	7
3.2 Óvissustig - Líkur á eldgosi á Reykjanesi	8
3.3 Hættustig - Eldgos er að hefjast á Reykjanesi	8
3.4 Neyðarstig - Eldgos er hafið á Reykjanesi.....	9
3.5 Afboðun	9
4.0 Starfssvæði.....	10
4.1 Móttökustaður (MÓT)	10
4.2 Biðsvæði (BB).....	10
4.3 Rýmingarsvæði	10
4.4 Gæslustörf (Lokanir- IL og YL).....	11
4.5 Fjöldahjálparstöð (FHS)	11
4.6 Talning	11
5.0 Umferðarskipulag og rýmingaráætlanir sveitarfélaga.....	12
6.0 Verkefni viðbragðsaðila	13
6.1 Lögreglan á Suðurnesjum (LSS)	13
6.2 Aðgerðastjórn Suðurnes (AST)	14
6.3 Vettvangsstjórn (VST).....	15
6.4 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH).....	16
6.5 Lögreglan á Suðurlandi (LSL)	17
6.6 Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 2.....	18
6.7 Björgunarsveitir á svæði 2	19
6.8 Brunavarnir Suðurnesja (BS)	20
6.9 Slökkvilið Grindavíkur	21
6.10 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS)	22
6.11 Rauði krossinn á Íslandi	23
6.12 Samráðshópur um sálfélagslegan stuðning í umdæminu	23
6.13 Stjórnsýslan/Sveitarfélög.....	24
6.14 Vegagerðin.....	25
7.0 Kort.....	26
7.0 Breytingasaga	29

Skammstafanir	
APOC	Airport Operations Center
AST	Aðgerðastjórn
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
FHS	Fjöldahjálparstöð
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
HSS	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
IL	Innri lokun
Isavia	Isavia, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsögupjónustu á Íslandi
JRCC	Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara (Joint Rescue Coordination Centre)
LHG	Landhelgisgæslan
LSH	Landspítali
LSS	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
LÞ	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
NL	Neyðarlínan
NSR	Neyðarsamstarf raforkufyrirtækja
NÖF	Samstarfshópur um neyðar- og öryggisfjarskipti
OACC	Flugstjórnarmiðstöðin (Oceanic Area Control Center)
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RLS	Ríkislögreglustjóri
SÁBF	Stjórnun - Áætlun - Bjargir - Framkvæmd
SHS	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
SLY	Slysstaður/slysavettvangur
SML	Sjómílur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöð Almannavarna
VST	Vettvangsstjórn
YL	Ytri lokun

1.0 Inngangur

Atvikaáætlun þessi er byggð á stjórnskipulagsáætlun fyrir umdæmi Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hún er unnin af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og almannavarnanefndum í umdæminu. Allir viðbragðsaðilar og aðrir sem hlutverk hafa í áætluninni, voru hafðir með í ráðum.

Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð viðbrögð vegna eldgoss á Reykjanesi og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, í samvinnu við almannavarnanefndir í umdæminu, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Atvikaáætlunin skal vera lifandi skjal sem verður uppfært í samræmi við þróun og breytingar eins og nauðsynlegt er út frá aðstæðum á hverjum tíma. Skal það gert að höfðu samráði viðkomandi hagsmunaaðila.

Athugasemdir við atvikaáætlun skal senda rafrænt á tölvupósti á tölvupóstfangið almannavarnirsudurnes@logreglan.is

Boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur, en eigi sjaldnar en árlega. Almennavarnadeild RLS og Lögreglan á Suðurnesjum eru ábyrgðaraðilar fyrir boðunarlista áætlunarinnar.

Þeir aðilar sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um úrlausn þeirra verkefna sem þeim eru falin. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Áætlun þessi skal æfð eigi sjaldnar en á fjögurra ára festi og oftár ef þörf krefur. Einnig skal hún kynnt reglulega þeim aðilum sem hlutverk eiga í henni.

Tengiliðalistar fyrir lykilstarfsmenn, stofnanir og samstarfsaðila liggur fyrir í aðgerðastjórnstöð umdæmis og skulu uppfærðir reglulega af lögreglu.

Við gerð stjórnskipulags- og atvikaáætlana var stuðst við ákvæði laga nr. 82/2008 um almannavarnir, reglugerð nr. 323/2010 um gerð og efni viðbragðsáætlana, reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almannavarnastiga, reglugerð nr. 100/2009 um skipulag og störf stjórnar samhfæingar- og stjórnstöðvar og viðbragðsaðila almannavarna og ákvæði lögreglulaga nr. 90/1999

Áætlun þessi er vistuð á ytri vef almannavarna og í skjalasafni lögreglu samanber stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Viðbragðsáætlunin tekur gildi.

20.02.2026

Áætlunin er rafrænt undirrituð

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur
Almannavarnanefnd Grindavíkur

2.0 Staðhættir

2.1 Almennt

Umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum nær frá Seljabótarnefi í Herdísarvík í austri og þaðan norður til Bláfjalla, þaðan vestur að Trölladyngju og þaðan norður til sjávar rétt vestan við álverið í Straumsvík. Suður af Kleifarvatni er landssvæði sem tilheyrir Hafnarfirði.

Svæðið er u.þ.b. 818 ferkílómetrar. Stærstu þéttbýlisstaðir: Reykjanesbær, Suðurnesjabær (Sandgerði, Garður), Grindavík og Sveitarfélagið Vogar.

Áætlun þessi tekur á viðbrögðum viðbragsaðila vegna eldgosa.

Upplýsingar um eldgos á Reykjanesi eru hér í hlekkjum að neðan:

[Eldgos](#)

[Íslenskeldfjöll](#)

[Veðurstofa Íslands](#)

[Almannavarnir](#)

[Safe travel](#)

2.2 Innviðir

Mikilvægir innviðir á svæðinu

Húsnæði þar sem mikilvæg kerfi eru:

Alþjóðaflugvöllur (Keflavíkurflugvöllur)

Fjarskiptastöð

Gagnaver

Símstöðvar

Olíubirgðastöð

Ferðaþjónustumannavirki

Atvinnustarfsemi eftir atvikum

Súrefnis og köfnunarefnisverksmiðja

Mannvirki sveitarfélaga, s.s. skólar, leikskólar, sambýli, búsetukjarnar o.fl.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Ómissandi

Samgöngumannvirki (vegir, hafnir, flugvellir)

Mikilvægir fjarskiptastaðir

Vatnsveitur

Hitaveitur

Skólpælustöðvar og fráveitukerfi

Aðveitustöðvar, spennistöðvar og veitukerfi rafmagns

Virkjanir (Svartsengi, Reykjanesvirkjun)

3.0 Boðun og virkjun

3.1 Boðun og virkjun

Neyðarlínan 112 annast boðun samkvæmt áætlun þessari eftir beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

**Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Lögreglustjórans á Suðurnesjum
Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra**

Þegar ákveðið er að virkja viðbragðsáætlunina skulu ofangreindir aðilar afla frekari upplýsinga til ákvarðanatöku um háskastig og upplýsa Neyðarlínu 112 til boðunar:

Neyðarlína skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun hvaða háskastig skuli virkja:

- **ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG**
- **Forgangur**
- **Umfang litur (Grænn, Gulur, Rauður, Svartur)**
- **Líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv. korti.
- **Annað ef þarf**

Lögregla stofnar aðgerð í aðgerðagrunni almannavarna eða óskar eftir að FMR geri það. Aðgerðinni skal síðan deilt á viðeigandi viðbragsaðila og samstarfsaðila, sem hlutverk hafa í aðgerð.

Neyðarlínan skal tryggja boðun og koma upplýsingum til bjarga á TETRA talhópi **Blár 2-0**.

Boðunaráætlanir segja til um hvaða einingar eru innan hvers viðbragðshóps.

Textaboð viðbragðsáætlunar:

F1 – 2 - 3 (óvissustig – hættustig - neyðarstig) - Umfang með litarkóða - Eldgos á Reykjanesi - Staðsetning – Aðrar upplýsingar - Talhópur BLÁR 2-0

Texti sem sendur yrði út á svæðið sem váboð vegna rýminga:

A.T.H. TILGREINA ÞARF SVÆÐI SEM ÞARF AÐ RÝMA SÉRSTAKLEGA

- ÍS: Yfirvofandi eldgos, yfirgefið svæðið, hlýðið fyrirmælum lögreglu og björgunarfólks.
- EN: Imminent eruption, evacuate, follow the instructions of the police and rescue services.

3.2 Óvissustig - Líkur á eldgosi á Reykjanesi

Neyðarlínan 112 boðar: Óvissustig-Eldgos á Reykjanesi

Boðunarahópar fyrir eldgos á Reykjanesi	
	Teams hlekkur/fundur boðaður
Aðgerðastjórn	AST metur þörfina fyrir bjargir sem henta hverju sinni og boðar aðila á Teams fund
Svæðisstjórn sv 2	Sendir fulltrúa sinn á Teams fund til að meta viðbúnað
Björgunarsveitir	Bs. á svæði 2 móttaka boð og fara yfir innra verklag.
Slökkvilið	Slökkvilið á svæðinu senda fulltrúa sinn á Teams fund. Fylgjast með framgangi mála.
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	HSS móttaka boð og sendir fulltrúa sinn á Teams fund. Fylgjast með framvindu mála og fara yfir innra verklag.
Rauði krossinn á Íslandi	RKÍ móttaka boð og senda fulltrúa sinn á Teams fund. Fylgjast með framgangi og fara yfir innra verklag.
Isavia	Móttaka boð og sendir fulltrúa sinn á Teams fund. Fylgjast með framgangi og fara yfir innra verklag.
Stjórnsýslan	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Hagsmunaaðilar	NSR (Neyðarsamstarf raforkufyrirtækja) , NÖF (Samstarfshópur um neyðar- og öryggisfjarskipti) og aðrir eftir atvikum móttaka boð og sinna sínum hlutverkum.

3.3 Hættustig - Eldgos er að hefjast á Reykjanesi

Neyðarlínan 112 boðar: Hættustig-Eldgos á Reykjanesi

Boðunarahópar fyrir eldgos á Reykjanesi	
Teams hlekkur virkur	
Aðgerðastjórn	AST er þegar virkjuð
Svæðisstjórn sv 2	Svæðisstjórn sendir fulltrúa sinn eftir þörfum í AST eru í sambandi við sveitir á svæðinu.
Björgunarsveitir	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Slökkvilið	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Heilbrigðisstofnun HSS	HSS móttaka boð og fylgjast með framgangi
Rauði krossinn á Íslandi	RKÍ móttakar boð og sinnir hlutverkum sínum
Stjórnsýslan	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Hagaðilar	SST boða: Isavia, NSR, NÖF móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Ferðaþjónusta/áfangastofa	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Vegagerðin	Móttakar boð og virkjar eigin viðbragðsáætlun
Isavia	Móttakar boð og virkjar eigin viðbragðsáætlun
Hagsmunaaðilar	Isavia, NSR (Neyðarsamstarf raforkufyrirtækja), NÖF (Samstarfshópur um neyðar- og öryggisfjarskipti) og aðrir eftir atvikum móttaka boð og sinna sínum hlutverkum.

3.4 Neyðarstig - Eldgos er hafið á Reykjanesi

Neyðarlínan 112 boðar: Neyðarstig-Eldgos á Reykjanesi

Boðunarahópar fyrir eldgos á Reykjanesi	
Teams hlekkur virkur	
Aðgerðarstjórn	AST er þegar virkjuð og kemur saman
Svæðisstjórn sv 2	Svæðisstjórn eru í AST og aðilar eru í sambandi við sínar sveitir
Björgunarsveitir	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Slökkvilið	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Heilbrigðisstofnun HSS	HSS móttaka boð og virkjar viðbragðsstjórn
Rauði krossinn á Íslandi	RKÍ móttækur boð og sinnir hlutverki sínu
Stjórnsýslan	Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Hagaðilar	SST boð: Isavia, NSR, NÖF móttaka boð og sinna hlutverkum sínum
Vegagerðin	Móttækur boð og virkjar eigin viðbragðsáætlun
Isavia	Móttækur boð og virkjar eigin viðbragðsáætlun
Hagsmunaaðilar	NSR (Neyðarsamstarf raforkufyrirtækja) , NÖF (Samstarfshópur um neyðar- og öryggisfjarskipti) móttaka boð og sinna sínum hlutverkum

3.5 Afboðun

Lögreglustjórnin á Suðurnesjum tekur ákvörðun um afboðun áætlunarinnar í samráði við aðrar stjórneiningar sem hafa verið virkjaðar (VST og SST).

Aðgerðastjórn tilkynnir afboðun til Samhæfingarstöðvarinnar sem tilkynnir afboðunina til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. Aðgerðastjórn tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

Sérstaklega skal taka fram ef aðeins valdar einingar eru afboðaðar.

4.0 Starfssvæði

4.1 Móttökustaður (MÓT)

<u>Reykjanesbær:</u>	Ásbrú: Við Grænásbraut 720 á Ásbrú, Ytri-Njarðvík: Við knattspyrnuhús Njarðvíkur við Afreksbraut, Keflavík: Við smábátahöfnina í Gróf, Innri-Njarðvík: Við Víkingaheima við Víkingabraut.
<u>Suðurnesjabær (Garði):</u>	Við félagsheimili Víðis á Garðskagavegi
<u>Suðurnesjabær (Sandgerði):</u>	Við Hafnarhúsið á Austurgarði í Sandgerðishöfn
<u>Grindavík:</u>	Við stjórnsýsluhúsið/verslunarhúsið við Víkurbraut 62 eða við björgunarsveitarhúsið að Seljabót 10
<u>Vogar:</u>	Við Heiðarholt 3 í Vogum (stórt malarplan)
	Eða eftir ákvörðun AST hverju sinni
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Flutningastjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Svæðisstjórn Svæði 2 Lögreglan

4.2 Biðsvæði (BB)

<u>Á Suðurnesjum (IB):</u>	Eftir ákvörðun AST (sjá MÓT í kafla 4.1)
<u>Af höfuðborgarsvæðinu (YB) :</u>	Við álverið í Straumsvík
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Flutningastjóri
<u>Undirstjórnandi:</u>	Samkvæmt ákvörðun flutningastjóra. LRH sinnir YB.
<u>Hverjir sinna:</u>	Svæðisstjórn björgunarsveita Lögreglan LRH á YB við Straumsvík

4.3 Rýmingarsvæði

<u>Starfsemi:</u>	Húsnæði, svæði, hverfi eða bæjarhluta sem hefur verið skilgreint sem rýmingarsvæði.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Björgunarstjóri
<u>Aðrir stjórnendur:</u>	Vettvangsstjóri getur skipað undirstjórnendur til að fylgja eftir rýmingu á einstaka hlutum rýmingarsvæðis.
<u>Hverjir sinna:</u>	Slökkvilið Björgunarsveitir
<u>Eftirfylgni rýmingar:</u>	Björgunarsveitir/slökkvilið

4.4 Gæslustörf (Lokanir- IL og YL)

<u>Verkbáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Ytri lokun:</u>	Eftir ákvörðun AST hverju sinni
<u>Innri lokun:</u>	Eftir ákvörðun VST hverju sinni
<u>Bílaumferð:</u>	Þar sem við á getur þurft að stýra umferð viðbragðsaðila um vettvang og setur gæslustjóri upp umferðarskipulag í samráði við VST
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Björgunarsveitir

4.5 Fjöldahjálparstöð (FHS)

Fjöldahjálparstöðvar eru opnaðar að beiðni aðgerðastjórnar. Skilgreindar fjöldahjálpastöðvar eru eftirfarandi í umdæminu:

<u>Reykjanesbær:</u>	Íþróttahúsið við Sunnubraut og Stapaskóli í Innri-Njarðvík
<u>Suðurnesjabær:</u>	Í Garði: Gerðaskóli við Garðbraut. Í Sandgerði: Sandgerðisskóli
<u>Grindavík:</u>	Íþróttamiðstöðin við Austurveg
<u>Sveitarfélagið Vogar:</u>	Stóru-Vogaskóli
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Rauði krossinn á Íslandi Starfssvæði fellur undir aðgerðastjórn en ekki vettvangsstjórn.
<u>Aðrir stjórnendur:</u>	Rauði krossinn á Íslandi stjórnar starfsemi FHS
<u>Hverjir sinna:</u>	Rauði krossinn á Íslandi

[Kort af fjöldahjálparstöðvum á Íslandi](#)

4.6 Talning

<u>Starfsemi:</u>	Talning einstaklinga sem rýma og hvar þeir dvelja í kjölfar rýmingar vegna eldgosa á Reykjanesi. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningarstöðum og upplýsa AST um fjölda einstaklinga á hverjum talningarstað fyrir sig.
<u>Staðsetning</u>	Talið við áhrifasvæði, inn og út af söfnunarsvæðum. Talið við flutning út fyrir YL. Talið við komu og brottför í FHS og í hjálparsímanum 1717.
<u>Verkbáttarstjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Björgunarsveitir Rauði krossinn á Íslandi

5.0 Umferðarskipulag og rýmingaráætlanir sveitarfélaga

Áætlun um umferðarskiplag, lokun svæða og framkvæmd almennt

Metið er í upphafi hvort að þörf er á lokun og þurfa stjórnendur LSS og FMR að vinna náið saman við ákvarðanatöku um lokanir við boð um neyðarstig.

LSS: Eftir atvikum Reykjanesbraut við Fitjar eða Reykjanesbraut við Grindavíkurveg, Reykjanesbraut við Vogaveg, Hafnavegur við Garðskagaveg/Ósabotnaveg, Suðurstrandarveg við Hraun, Grindavíkurvegur við Nesveg. Eftir atvikum að sinna umferðarstjórn við FHS þegar þörf er á. Settar eru IL og YL eftir þörfum og umfangi í samstarfi við AST.

LRH: Eftir atvikum Reykjanesbraut við mót Krýsuvíkurvegar, Krýsuvíkurveg við mót Bláfjallavegar. Suðurlandsvegur eftir aðstæðum og umferðarstjórn við FHS, þegar þörf er á.

LSL: Suðurstrandarvegur við Krýsuvíkurveg, Suðurstrandarvegur við Þorlákshafnarveg, Suðurlandsvegur eftir aðstæðum og umferðarstjórn við FHS, þegar þörf er á.

Rýmingaráætlanir sveitarfélaga með hlekkjum á kort þeirra.

[Rýmingaráætlanir Reykjanesbæjar](#)

[Rýmingarkort Reykjanesbæjar](#)

[Rýmingaráætlanir Suðurnesjabæjar](#)

[Rýmingarkort Suðurnesjabæjar](#)

[Rýmingaráætlanir Grindavíkurbæjar](#)

[Rýmingarkort Grindavíkurbæjar](#)

[Rýmingaráætlanir Sveitarfélagsins Vogar](#)

[Rýmingarkort Sveitarfélagsins Vogar](#)

[Rekstrarhandbók Isavia](#)

[Rýmingarkort Flugstöð Leifs Eiríkssonar](#)

6.0 Verkefni viðbragðsaðila

Í þessum kafla er verkefnum þeirra sem skyldum hafa að gegna í viðbragðsáætlun vegna eldgosa á Reykjanesi gerð skil. Nauðsynlegt er að allir þekki og skilji sín verkefni. Allir aðilar, sem hér hafa hlutverk, skulu útbúa gátlista byggða á þessum verkefnum og leggja þá fyrir Lögreglustjóran á Suðurnesjum til upplýsinga.

6.1 Lögreglan á Suðurnesjum (LSS)

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir vaktina og yfirstjórn
- ☐ Virkjar innra skipulag embættisins
- ☐ Tryggir að fulltrúar LSS í AST hafi fengið boð og tryggir samskipti við AST
- ☐ Fer yfir viðbragðsáætlun og verkefni tengd henni
- ☐ Fylgist með framvindu mála

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Skipar vettvangsstjóra og gæslustjóra
- ☐ Kannar ástand samgöngu- og flutningsleiða
- ☐ Stjórnandi vaktar skipuleggur eftirlit með umferð og lokanir
- ☐ Tryggir að lágmarksviðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim verkefnum sem upp kunna að koma

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi og hættustigi. Viðbragðsstig hækkar
- ☐ Sendir lögregluvakt í þau verkefni sem þeim er falið samkvæmt innra skipulagi
- ☐ Vettvangsstjóri heldur í VST og stýrir aðgerðum á vettvangi
- ☐ Sendir aðstoð við rýmingar í samráði við AST
- ☐ Sendir lögreglumenn í lokanir í samráði við AST og gæslustjóra
- ☐ Tryggir að mönnun sé í önnur dagleg verkefni samhliða neyðarstigi

6.2 Aðgerðastjórn Suðurnes (AST)

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu um óvissustig
- ☐ AST fylgist með framvindu mála og er tilbúið að virkja AST ef þörf krefur
- ☐ Boðar áhöfn og viðeigandi aðila á Teams fund þar sem metin er viðbúnaður á svæðinu og tekin staða á virkjun AST
- ☐ Kannar upplýsingar um mannamót eða ferðir utan alfaraleiðar ef við á
- ☐ Tryggir samskipti við SST, lögreglu og VST ef virkjuð
- ☐ Gerir stöðumat með HSS og hjúkrunarheimilum á svæðinu
- ☐ Gerir stöðumat á samgöngum í samráði við lögreglu
- ☐ Gerir stöðumat á flugvelli í samráði við Isavia
- ☐ Gerir stöðumat á björgum í umdæminu
- ☐ Fylgist með framvindu, upplýsir eftir þörfum og er reiðubúin að hækka viðbúnaðarstig

HÆTTUSTIG

- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ AST virkjuð eða undirbúin fyrir virkjun. Aðgerðarstjóri skipaður
- ☐ Skipar í SÁBF og aðra aðila samkvæmt skipuriti
- ☐ Skipar verkþáttastjóra. Flutningsstjóra, aðhlynnningarstjóra, björgunarstjóra, öryggisstjóra og fjölmiðlafulltrúa
- ☐ Virkjar innra skipulag aðgerðarstjórnar
- ☐ Kannar frekari þörf á björgum ef þörf er á (innan og utan umdæmis)
- ☐ Hugar að lokunarpóstum ef við á
- ☐ Tryggir samskipti við SST, VST (ef virkjuð), lögreglu og annara viðbragðsaðila ef þörf er á.
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til eininga innan AST
- ☐ Gerir stöðumat og uppfærir að björgunarsveitir, lögregla, slökkvilið, heilbrigðisstofnun, hjúkrunarheimili og sveitarfélög viti um hlutverk sitt á hættu- og neyðarstigi og séu með búnað og gögn/áætlanir í lagi ef farið verður á neyðarstig.
- ☐ Aflar upplýsinga um mannamót og ferðir utan alfaraleiðar ef við á
- ☐ Fylgist með framvindu og er reiðubúin að hækka viðbragðsstig

NEYÐARSTIG

- ☐ AST kemur saman
- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Tryggir samskiptaleiðir við sveitarfélög, Veðurstofu, Vegagerð, veitustofnanir og landverði
- ☐ Tryggir samskipti við RKÍ og uppsetningu á SSA og FHS
- ☐ Tryggir að VST sé virkt á vettvangi og að vettvangsstjóri og verkþáttastjórar séu að vinna samkvæmt skipuriti
- ☐ Kannar þörf á frekari björgum (innan eða utan umdæmis)
- ☐ Tryggir viðbúnað vegna lokana í samráði við VST (innri og ytri lokanir)
- ☐ Tryggir að kannað sé með ferðamenn í nágrenni áhættusvæðis og þeim komið á öruggan stað
- ☐ Tryggir að váboðsendingar hafi verið sendar á viðkomandi rýmingarsvæði ef farið verður í rýmingar innan sveitarfélaga ásamt skráningarhlekk fyrir fólki. Upplýsir um hjálparsímann 1717
- ☐ Kannar þörf á björgum og óskar eftir frekari aðstoð frá SST ef þess er þörf
- ☐ Skipuleggur samhæfingu rýminga út frá fyrirliggjandi upplýsingum
- ☐ Skoðar hvort útvíkka þurfi fjarskiptaskipulag
- ☐ Tryggir skráningu og meðferð upplýsinga
- ☐ Tryggir símsvörun og önnur fjarskipti

- ☐ Koma upp samskiptum við fulltrúa Ferðamálastofu/áfangastofu sé þess þörf
- ☐ Ákveða tíma fyrir reglulega stöðufundi

Helstu verkefni tengd samskiptum við fjölmiðla:

- ☐ Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- ☐ Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- ☐ Koma upplýsingum á framfæri til upplýsingaveitna meðal annars á erlendum tungumálum ef ástæða er til.
- ☐ Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar
- ☐ Fjölmiðlum sem mæta á staðinn skal vísað á öruggan stað þar sem þeir fá upplýsingar og bíða þess að komast að vettvangi til myndatöku skv. ákvörðun lögreglustjóra hverju sinni.

6.3 Vettvangsstjórn (VST)

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

Vettvangsstjórn hefur ekki hlutverk á óvissustigi

HÆTTUSTIG

- ☐ Mannar VST og fylgist með framvindu mála og er tilbúið að virkja VST ef þörf krefur
- ☐ Skipar í stöður samkvæmt verkþáttaskipulagi SÁBF
- ☐ Tryggir hlustun á AST og verkþáttastjóra eftir fjarskiptaskipulagi hverju sinni
- ☐ Kallar eftir og gerir stöðumat á björgum á vettvangi og kallar eftir frekari björgum til AST ef þörf er (ATH Sérækar bjargar)
- ☐ Tryggir innri lokanir ef við á
- ☐ Skilgreinir stærð atburðar, metur þörf á rýmingu í samráði við AST
- ☐ Tryggir að fólk sé til staðar í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum
- ☐ Kannar staðsetningu á MÓT, SSS og biðsvæðum og sér til þess að þessir svæði séu til staðar og í virkni
- ☐ Ákveður tíma fyrir stöðufundi VST ef þörf er á
- ☐ Tryggir að bjargar skili sér úr verkefnum sem er lokið

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Virkjar tafarlaust VST og stjórnar aðgerðum á vettvangi samkvæmt skipulagi
- ☐ Kemur á samskiptum við verkþáttastjóra og tryggir að þeir séu virkir og að sinna sínum hlutverkum
- ☐ Tilnefni öryggisstjóra sem starfar í samvinnu við öryggisstjóra í AST
- ☐ Tryggir að starfstöðvar MÓT, SSS og biðsvæði séu virk og að sinna sínum hlutverkum í samráði við verkþáttastjóra
- ☐ Ákveður reglulega stöðufundi í VST með verkþáttastjórum
- ☐ Tryggir að innri lokanir séu til staðar
- ☐ Tryggir aðila í skráningu og meðferð upplýsinga ásamt símsvörun og fjarskipti í VST
- ☐ Tryggir að bjargar skili sér úr verkefnum sem eru lokið

6.4 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Gerir stöðumat á að útvega mannskap og tæki til aðstoðar ef á þarf að halda
- ☐ Fylgist með gangi mála og upplýsir SST/AST eftir þörfum

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Fer yfir hlutverk sitt og er tilbúinn að setja upp lokanir og aðstoða við umferðarstjórnun, ef á þarf að halda
- ☐ Kannar aðstæður á YL og YB við Straumsvík og er tilbúinn að senda þangað áhöfn sem stýrir YL og YB
- ☐ Kannar aðstæður við FHS á höfuðborgarsvæðinu og að senda þangað aðstoð í umferðarstýringu, ef þörf krefur

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Sendir áhöfn í lokanir (YL) og umferðarstjórnun í Hafnarfirði og manna YB
- ☐ Sendir áhöfn í umferðarstjórnun við FHS
- ☐ Athugar þörf á umferðarstjórnun á Reykjanesbraut ef henni er ekki lokað

LRH lokanir: Reykjanesbraut við Krýsuvíkurveg, Krýsuvíkurvegur við mót Bláfjallavegar. Suðurlandsvegur eftir aðstæðum og umferðarstjórn við FHS

6.5 Lögreglan á Suðurlandi (LSL)

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Gerir stöðumat á að útvega mannskap og tæki til aðstoðar ef á þarf að halda
- ☐ Fylgist með gangi mála og upplýsir SST/AST eftir þörfum

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Fer yfir hlutverk sitt og er tilbúin að manna lokanir og aðstoða við umferðarstjórnun ef á þarf að halda.
- ☐ Kannar aðstæður á YL við Þorlákshöfn og er tilbúin að senda þangað áhöfn sem stýrir lokun
- ☐ Kannar aðstæður við FHS á Suðurlandi sem við á og er tilbúin að senda þangað aðstoð í umferðarstýringu

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Sendir áhöfn í lokanir og umferðarstjórnun í Þorlákshöfn
- ☐ Sendir áhöfn í umferðarstjórnun við FHS
- ☐ Athugar þörf á umferðarstjórnun á Suðurstandarvegi

LSL lokanir: Suðurstrandarvegur við Þorlákshöfn eða eftir atvikum við mót Krýsuvíkurveggar, Þrengslavegur og Hellisheiði eftir atvikum og umferðarstjórn við FHS í umdæminu.

6.6 Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 2

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Sendir fulltrúa sinn á Teams fund þar sem tekin er saman þörf fyrir bjargir á svæðinu
- ☐ Gerir stöðumat á stöðu björgunarsveita á svæðinu og upplýsir AST
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til björgunarsveita á sínu svæði
- ☐ Fylgist með framvindu mála

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA Blár 2-0
- ☐ Sendir aðila í AST ef kallað er eftir því
- ☐ Sendir aðila eftir þörfum í VST
- ☐ Tilnefnir flutningsstjóra sem setur sig í samband við vettvangsstjóra
- ☐ Er bakland og tæknilegur stjórnandi björgunarsveita á svæðinu
- ☐ Athugar hvort að þörf er á björgunarsveitum í lokanir

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Sendir aðila í AST og VST
- ☐ Sendir flutningsstjóra í MÓT sem sinnir MÓT og BB
- ☐ Gerir stöðumat og athugar stöðu bjarga hverju sinni og óskar eftir frekari björgum sé þess þörf
- ☐ Er bakland og tæknilegur stjórnandi björgunarsveita á svæðinu og tryggir stöðu hjá hverri sveit

6.7 Björgunarsveitir á svæði 2

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka skilaboð frá Neyðarlínu
- ☐ Fara yfir þau verkefni sem þeim eru ætluð á hættu- og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim
- ☐ Fer yfir tæki og búnað og tryggir að hann sé í lagi
- ☐ Sveitir skili stöðumati til svæðisstjórnar sv 2 eftir yfirferð til upplýsinga

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og opnar á hlustun á TETRA Blár 2-0
- ☐ Taka til búnað og tæki sem þarf að nota og tilkynna hlustun til AST og bíða frekari fyrirmæla
- ☐ Skipta sér niður í hópa og hópstjórar tilkynni sig til AST
- ☐ Bíða frekari fyrirmæla frá AST

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og opnar á hlustun á TETRA blár 2-0
- ☐ Taka til búnað og tæki sem nota þarf í verkefnið
- ☐ Skipta sér niður í hópa og hópstjórar tilkynna sig til AST þegar að hópur er klár
- ☐ Skrá hóp í aðgerðagrunn
- ☐ Bíða nánari fyrirmæla frá AST á BLÁR 2-0

6.8 Brunavarnir Suðurnesja (BS)

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Sendir fulltrúa sinn á Teams fund þar sem metin er þörf fyrir bjargir á svæðinu
- ☐ Fara yfir þau verkefni sem þeim eru ætlað að sinna á hættu- og neyðarstigi og tryggir lágmarks viðbúnað til að sinna þeim
- ☐ Tryggja að slökkvi- og sjúkrabifreiðar og annar björgunarbúnaður sé tiltækur ef á þarf að halda
- ☐ Gerir stöðumat á stöðu BS fyrir hugsanleg verkefni og upplýsir AST

HÆTTUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og opnar á hlustun á TETRA Blár 2-0
- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Varðstjóri sendir aðila til að ræsa upp AST á Slökkvistöð Flugvöllum ef þörf er á
- ☐ Sendir aðila í AST sem er fulltrúi slökkviliða á svæðinu
- ☐ Tilnefnir aðila í hlutverk björgunarstjóra ef við á
- ☐ Fer yfir þau verkefni sem þeim er ætlað á hættu- og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim
- ☐ Tryggir að dagleg starfsemi raskist ekki og óskar eftir björgum í samráði við AST
- ☐ Fer yfir hvaða mannvirki skal reyna að verja og listar það upp. **Mikilvægir innviðir**
- ☐ Fylgist með framvindu mála

NEYÐARSTIG

- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Sendir aðila í AST sem er fulltrúi slökkviliða
- ☐ Sendir aðila í VST ef við á
- ☐ Sendir björgunarstjóra í MÓT ef við á
- ☐ Sendir sjúkrabifreiðar í MÓT
- ☐ Skiptir daglegu liði á bíla og tæki og sendir eftir þörfum í MÓT í samráði við AST
- ☐ Athugar með aðstoð utan umdæmis í samráði við AST
- ☐ Tryggir að mönnun sé í önnur dagleg verkefni samhliða neyðarstigi
- ☐ Koma í veg fyrir og slökkva elda
- ☐ Bregðast við, hindra útbreiðslu og hreinsa upp mengun
- ☐ Aðstoðar við að verja mannvirki sem löskuð eru. **Mikilvægir innviðir**

6.9 Slökkvilið Grindavíkur

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Sendir fulltrúa sinn á Teams fund þar sem tekin er saman þörfin fyrir bjargir á svæðinu
- ☐ Fara yfir þau verkefni sem þeim er ætlað á hættu- og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim
- ☐ Tryggja að slökkvibifreiðar og annar björgunarbúnaður sé tiltækur ef á þarf að halda
- ☐ Gerir stöðumat á stöðu SG og upplýsir AST

HÆTTUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og opnar á hlustun á **TETRA Blár 2-0**
- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Tilnefnir aðila sem björgunarstjóra ef við á
- ☐ Fer yfir þau verkefni sem þeim eru ætlað á hættu- og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim.
- ☐ Tryggir að dagleg starfsemi raskist ekki og óskar eftir björgum í samráði við AST.
- ☐ Fer yfir hvaða mannvirki skal reyna að verja og listar það upp. **Mikilvægir innviðir**
- ☐ Fylgist með framvindu mála

NEYÐARSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og opnar hlustun á **TETRA Blár 2-0**
- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Sendir aðila í VST ef við á
- ☐ Sendir björgunarstjóra í MÓT ef við á
- ☐ Skiptir daglegu liði á bíla og tæki og sendir eftir þörfum í MÓT í samráði við AST
- ☐ Tryggir að mönnun sé í önnur dagleg verkefni samhliða neyðarstigi
- ☐ Koma í veg fyrir og slökkva elda
- ☐ Bregðast við, hindra útbreiðslu og hreinsa upp mengun
- ☐ Aðstoðar við að verja mannvirki sem löskuð eru. **Mikilvægir innviðir**

6.10 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS)

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Sendir fulltrúa sinn á Teams fund þar sem tekin er saman þörfin fyrir bjargir á svæðinu
- ☐ Viðbragðsstjórn fer yfir þau hlutverk sem henni eru ætluð á hættu- og neyðarstigi og tryggir að lágmarksviðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim. Undirbýr rýmingu og brottflutning sjúklinga sé þörf á því
- ☐ Gerir stöðumat á HSS og skilar til AST til upplýsinga
- ☐ Vinnur eftir innra skipulagi viðbragðsstjórnar HSS
- ☐ Fylgist með framvindu mála

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA Blár 2-0
- ☐ Viðbragðsstjórn HSS er virkjuð og virkjar innri áætlun HSS vegna undirbúnings á móttöku þolenda og hugsanlegrar rýmingar og brottflutnings sjúklinga innan umdæmis
- ☐ Fer yfir búnað greiningarsveitar, gerir sveit klára fyrir útkall ef þörf er á henni í verkefni á neyðarstigi
- ☐ Sendir fulltrúa sinn í AST og fer eftir innra skipulagi AST
- ☐ Vakthafandi læknis setur sig í samband við AST eða VST eftir þörfum og kannar ástand
- ☐ Fylgist með framvindu mála og er tilbúin til hækkunar á viðbragðsstigi

NEYÐARSTIG

- ☐ Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir starfsfólk og tryggir hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Viðbragðsstjórn HSS virkjar innri áætlun HSS vegna hópslysa og er viðbúin að taka á móti þolendum
- ☐ Setur af stað undirbúning varðandi rýmingu sjúkradeildar og brottflutning sjúklinga frá HSS í samræmi við rýmingaráætlun HSS eða undurbýr óraskaða starfsemi á HSS eftir þörfum hverju sinni.
- ☐ Tilnefndir aðhlyningarstjóra og sendir hann í MÓT eða eftir atvikum í VST
- ☐ Undirbýr viðbragðssveit/greiningarsveit fyrir brottför á vettvang eða í MÓT eftir þörfum
- ☐ Viðbragðsstjórn HSS upplýsir fulltrúa sinn í AST vegna sjúklinga sem flytja þarf frá HSS og eftir atvikum hjúkrunarheimilum á svæðinu í samráði við heilbrigðisáhöfn SST hverju sinni
- ☐ Yfirfer búnað, birgðir og áhöld til hópslysamóttöku og kemur tafarlaust boðum til AST um það sem vantar til hópslysamóttökunnar
- ☐ Starfa eftir innri áætlun stofnunnar

6.11 Rauði krossinn á Íslandi

Upphafstalhópur er Blár 2-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Sendir fulltrúa sinn á Teams fund þar sem tekin er saman þörfin fyrir bjargir á svæðinu
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til fulltrúa innan RKÍ þ.e. bakvakt og fulltrúa RKÍ í SST
- ☐ Fylgist með framvindu mála

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á **TETRA Blár 2-0**
- ☐ Starfar samkvæmt innri áætlun RKÍ
- ☐ Sendir fulltrúa sína í AST/SST eftir þörfum
- ☐ Fylgist með framvindu mála og undirbýr opnun á FHS skv. fyrirmælum AST hverju sinni
- ☐ Metur þörf á að opna SSA
- ☐ Virkjar Hjalparsímann 1717 sem upplýsingasíma almannavarna til skráningar á einstaklingum vegna rýmingar

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA Blár 2-0
- ☐ Virkjar hjalparsímann 1717 sem og upplýsingarsíma almannavarna til skráningar á einstaklingum vegna rýmingar
- ☐ Starfrækir FHS ef þörf er á í samráði við AST
- ☐ Starfrækir SSA ef þörf er á í samráði við AST og eftir atvikum SST
- ☐ Sendir hjálparlið á MÓT eða SSS skv. fyrirmælum AST hverju sinni

6.12 Samráðshópur um sálfélagslegan stuðning í umdæminu**ÓVISSUSTIG**

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Sendir fulltrúa sinn á Teams fund þar sem tekin er saman þörfin fyrir bjargir á svæðinu
- ☐ Tryggir upplýsinga flæði til samráðshópsins og upplýsir eftir þörfum
- ☐ Fylgist með framvindu mála

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir samráðshópinn
- ☐ Starfar samkvæmt innri áætlun samráðshópsins
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til AST/SST

NEYÐARSTIG

- ☐ Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir samráðshópinn
- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi og hættustigi, viðbragðsstig hækkar

6.13 Stjórnsýslan/Sveitarfélög

Upphafstalhópur er SST Gulur þar til fyrirmæli um annað er gefið út

ÓVISSUSTIG

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir starfsfólk
- ☐ Virkjar innra skipulag sveitarfélagsins og upplýsir neyðarstjórn
- ☐ Neyðarstjórnir upplýsa sína tengiliði, skóla, leikskóla, áhaldahús/umhverfismiðstöðvar, umhverfis- og skipulagssvið o.s.frv
- ☐ Virkjar túlkabjónustu ef þörf er á
- ☐ Hugar að mikilvægum innviðum
- ☐ Tilnefna tengilið við AST ef þörf er á
- ☐ Tekur saman stöðumat sveitarfélagsins og sendir það á AST
- ☐ Fylgist með framvindu mála

HÆTTUSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir neyðarstjórn og metur virkjun á henni
- ☐ Hver undirstofnun virkjar sína innri áætlun og starfar eftir henni
- ☐ Hugar að opnun fjöldahjálparstöðvar og setur sig í samband við RKÍ í AST varðandi opnun á henni
- ☐ Mannar áhaldahús/umhverfismiðstöð og skilar stöðumati varðandi tækjabúnað sveitarfélagsins ef nota þarf í lokanir
- ☐ Fulltrúi tryggir samskiptaleið við AST
- ☐ Fylgist með framvindu mála

NEYÐARSTIG

- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir virkni neyðarstjórnar
- ☐ Neyðarstjórn kemur saman og samhæfir aðgerðir sveitarfélagsins
- ☐ Neyðarstjórn tryggir viðbrögð sinna tengiliða, skóla, leikskóla, áhaldahús, umhverfis- og skipulagssviðs o. s.frv
- ☐ Neyðarstjórn tilkynnir framvindu til AST hverju sinni í gegnum tengilið sinn við AST
- ☐ Tryggir að FHS sé opin og tilbúin að taka við þolendum í samráði við RKÍ og AST
- ☐ Allir tryggja samskiptaleiðir sinna tengiliða og eru í samskiptum við neyðarstjórn sem kemur upplýsingum til AST hverju sinni

6.14 Vegagerðin

Upphafstalhópur er SST Gulur þar til fyrirmæli eru gefin um annað

ÓVISSUSTIG

- ☐ Vegagerðin móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA á SST Gulur
- ☐ Sendir fulltrúa sinn á Teams fund þar sem metin er þörfin fyrir bjargir á svæðinu og fulltrúi miðlar upplýsingum um ástand vega t.d framkvæmdir og færð á helstu samgönguleiðum
- ☐ Virkjar viðbragðsáætlun stofnunarinnar og gerir viðeigandi ráðstafanir
- ☐ Upplýsir vegfarendur á upplýsingavef um óvissustig og mögulega lokun vega með skömmum fyrirvara
- ☐ Tryggir að yfirmenn svæðis séu upplýstir og að mönnun sé tryggð
- ☐ Tryggir að lokunarbúnaður sé tiltækur
- ☐ Metur hvort ástæða sé til að breyta skilgreindri þjónustu á helstu leiðum, tryggir að til staðar séu tæki og búnaður til að halda vegum opnum og greið leið í FHS


HÆTTUSTIG

- ☐ Vegagerðin móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA á SST Gulur
- ☐ Yfirfæra atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Mannar SST ef ekki var búið að virkja
- ☐ Upplýsir yfirmenn um hækkun á viðbragðsstigi
- ☐ Gerir ráðstafanir ef flytja þarf tæki eða búnað til staðar og að lokanir séu til staðar
- ☐ Vegir sem eru opnir skal halda eins greiðfærum eins og aðstæður leyfa skv. innri viðbragðsáætlunum Vegagerðarinnar
- ☐ Metur þörf fyrir lokanir og lokar vegum í samráði við AST eða lögreglu
- ☐ Upplýsir vegfarendur á upplýsingavef um hættustig og mögulega lokun vega með skömmum fyrirvara



NEYÐARSTIG

- ☐ Vegagerðin móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA á SST Gulur
- ☐ Yfirfæra atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- ☐ Upplýsir yfirmenn um hækkun á viðbragðsstigi
- ☐ Upplýsir vegfarendur á upplýsingavef um neyðarstig og mögulega lokun vega með skömmum fyrirvara
- ☐ Vegir sem eru opnir skal halda eins greiðfærum eins og aðstæður leyfa skv. innri viðbragðsáætlun Vegagerðarinnar
- ☐ Upplýsir AST eftir þörfum og metur stöðu á vegum hverju sinni og kemur upplýsingum framfæri
- ☐ Sendir fulltrúa sinn í AST ef þörf er á að beiðni AST

7.0 Kort

Rýmingarkort ReykjanesbæjarRýmingarkort Grindavíkurbæjar

Rýmingarkort Suðurnesjabæjar



Rýmingarkort Sveitarfélagsins Vogar



7.0 Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn
1.0	01.01.2021	Fyrsta útgáfa – Eldgos í eða við Grindavík	FVP
2.0	10.02.2026	Uppfærð útgáfa og yfirfærð áætlun vegna alls Reykjanes og fellur fyrsta útgáfa úr gildi sem tók einungis til Grindavíkur	ASE